



Fundur háskólaráðs 10. nóvember 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 04.11.2005

Dags: 10.11.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

13/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 10. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Bryndís Harðardóttir, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland og Rögnvaldur Ólafsson. Eiríkur Tómasson og varamaður hans boðuðu forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Tillaga akademískrar stjórnáslu um frágang þýðingar laga og reglna Háskólans á ensku. Minnisblað lagt fram.

Rektor gerði grein fyrir framlagðri tillögu og var hún rædd.

- Frestað. Óskað eftir því að farið verði aftur yfir fyrirbyggjandi tillögur að þýðingum á hugtökum og samræmis gætt við erlendar hefðir um hugtakanotkun.

1.2 Aðgangur að lesaðstöðu í Þjóðarbókhöðu. Minnisblað lagt fram.

Rektor greindi frá því að fulltrúar Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefðu átt viðræður um aðgang að lesaðstöðu í Þjóðarbókhöðu. Lagði rektor til að Háskólinn leggi til 12 m.kr. á árinu 2006 til að standa straum af kostnaði vegna aukins aðgengis stúdenta og starfsmanna Háskólans að lesrými í bókhöðunni. Lýstu fulltrúar stúdenta ánægju sinni með tillöguna.

- Samþykkt einróma.

2. Mál á dagskrá

2.1 Fjárhagsstaða Háskólans, yfirlit eftir níu mánuði.

Inn á fundinn komu Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs. Rektor gerði grein fyrir framlögðu yfirliti yfir rekstur Háskóla Íslands fyrstu níu mánuði ársins 2005. Í máli hennar kom m.a. fram að útlit er fyrir að rekstrarafkoma Háskólans verði svipuð og á síðasta ári. Málið var rætt ítarlega og svöruðu þau Kristín, Ingjaldur og Gunnlaugur framkomnum spurningum og athugasemdum.

2.2 Frumáætlun rekstrareininga Háskólans og þreyttar einingar háskólaárið 2004-2005. Drög að bréfi til menntamálaráðherra um fjárhagsstöðu við ríkissjóð og uppgjör á kennslu fyrir fjárlagaárið 2005.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði fjármálanefndar um

fjárhagsáætlanir rekstrareininga Háskólans, dags. 7.11.2005. Í greinargerð Ingjalds kom m.a. fram að hugvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild, lagadeild og guðfræðideild búa við sérlega erfiðar rekstraraðstæður og munu væntanlega ekki geta skilað áætlun í jafnvægi fyrir árið 2006. Málið var rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. fjallað um það, hvernig bregðast mætti við fjárhagsvanda Háskóla Íslands almennt og umræddra deilda sérstaklega. Greindi rektor frá því að hún ætti í viðræðum við menntamálaráðherra um fjárveitingar til Háskólans og að þeim viðræðum verði áfram haldið á næstunni. Málið verður áfram á dagskrá næsta fundar háskólaráðs.

2.3 Niðurstaða samkeppni um Háskólatorg.

Inn á fundinn komu arkitektarnir Ögmundur Skarphéðinsson og Ingimundur Sveinsson, höfundar vinningstillögu í samkeppni um hönnun og byggingu Háskólatorgs, og gerðu grein fyrir tillögunni í máli og myndum. Málið var rætt ítarlega. Í umræðunni var m.a. vikið að tengingum milli Háskólatorgs og nærliggjandi bygginga. Fram kom að hugvísindadeild hefði lýst áhyggjum yfir því að ekki væri gert ráð fyrir tengingum milli Nýja-Garðs og Árnagarðs um Háskólatorg og að byggingarnefnd Háskólatorgs hefði í kjölfarið óskað eftir því við arkitektana að þeir gerðu tillögu til úrbóta sem yrði skilað fyrir 9. desember nk. Fulltrúi hugvísindadeildar lýsti áhyggjum af ónógri aðkomu og aðstöðu deildarinnar í Háskólatorgi. Jafnframt var á það bent að um alútboð væri að ræða þar sem forsendur fyrir hönnun og byggingarkostnaði væru skilgreindar fyrirfram. Þökkuðu fulltrúar í háskólaráði arkitektunum fyrir framlag þeirra.

2.4 Skýrsla EUA um Háskóla Íslands. Kynningarfundur mánudaginn 14. nóvember kl. 12.15.

Rektor greindi frá því að mánudaginn 14. nóvember nk. kl. 12.15 verði haldinn opinn fundur í Hátíðasal þar sem kynntar verði niðurstöður ytri úttektar á Háskóla Íslands sem Samtök evrópskra háskóla (European University Association) gerðu á þessu ári. Úttektin var unnin af hópi fjögurra sérfræðinga sem allir eru þrautreyndir stjórnendur háskóla og vísindastofnana víðsvegar í Evrópu og hafa mikla reynslu af sambærilegum úttektum á vegum EUA. Formaður úttektarhópsins var Tove Bull, prófessor og fyrrverandi rektor háskólans í Tromsø í Noregi, og mun hún kynna niðurstöðurnar á fundinum. Þá mun háskóla rektor gera grein fyrir því hvernig Háskóli Íslands hyggst bregðast við niðurstöðum úttektarinnar og loks mun menntamálaráðherra taka til máls. Með skýrslu EUA liggja formlega fyrir niðurstöður þriggja viðamikilla úttekta sem gerðar voru á Háskóla Íslands á árunum 2004 og 2005.

2.5 Ytri úttektir á Háskóla Íslands. Skýrsla starfshóps rektors um viðbrögð við niðurstöðum ytri úttekta á Háskóla Íslands 2004 og 2005.

Jón Atli Benediktsson, prófessor, og formaður starfshópsins, kom inn á fundinn og gerði grein fyrir framlagðri skýrslu og tillögum starfshópsins. Í skýrslunni eru teknar saman helstu niðurstöður úttektanna þriggja sem gerðar voru á Háskóla Íslands á árunum 2004 og 2005 (sbr. dagskrárlið 2.4 hér að framan) og settar fram tillögur um viðbrögð við þeim ábendingum og athugasemdum sem þar koma fram. Málið var rætt og svaraði Jón Atli framkomnum spurningum. Lýstu háskólaráðsfulltrúar almennt mikilli ánægju með skýrsluna.

2.6 Stefnumótun Háskóla Íslands 2006-2010.

Rektor gerði grein fyrir verklagi við stefnumótun sem framundan er í Háskóla Íslands. Meginmarkmið þessarar vinnu er að koma skólanum í röð bestu rannsóknarháskóla í nágrannalöndunum. Rektor leggur megináherslu á þrennt: Skýr og mælanleg markmið, ítarlega verkefna- og tímaáætlun og markvissa eftirfylgni. Í máli rektors

kom fram að lögð verði áhersla á að virkja sem flest háskólafolk til að móta og fylgja eftir stefnu til næstu fimm ára. Einnig verði leitað til utanaðkomandi sérfræðinga og álitsgjafa. Málið var rætt ítarlega og háskólaráðsmenn lýstu ánægju með verkáætlunina.

2.7 Staðsetning matvælafræði- og næringarfræðiskorar raunvísindadeildar í Vísindagörðum í Vatnsmýri. Minnisblað lagt fram.

Rektor skýrði frá aðdraganda og stöðu málsins og var það rætt.

- Samþykkt einróma að framtíðarstaðsetning matvælafræði- og næringarfræðiskorar raunvísindadeildar skuli vera í Vísindagörðum í Vatnsmýri.

2.8 Fyrirhuguð lagasetning sem snertir Háskóla Íslands. Væntanlegt frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og sagði að frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun hefði verið lagt fyrir ríkisstjórn og þingflokka.

2.9 Fjárhagsleg samskipti Háskóla Íslands og tengdra stofnana vegna vinnumatssjóðs, sáttmálasjóðs og ársmatssjóðs.

Rektor greindi frá fundi með forsvarsmönnum tengdra stofnana um fjárhagsleg samskipti Háskóla Íslands og viðkomandi stofnana. Stefnt væri að því að leggja fram tillögu um samskipti vegna sáttmálasjóðs, vinnumatssjóðs og ársmatssjóðs á næsta fundi ráðsins.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Dagskrá 18. háskólafundar 17. nóvember 2005.

3.2 Prófessorsstarf í barnageðlækningum, svar læknadeildar, dags. 2. nóvember sl., við fyrirspurn á síðasta fundi.

Málið var stuttlega rætt.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 16.00.